

Fundur í skólaráði Glerárskóla mánudaginn 18. jan. 2021 kl. 15

Mættir: Einar Gauti frá hverfisnefnd, Brynja f.h. starfsmanna, Hólmfríður og Inga Huld f.h. kennara, Eidís og Margrét foreldrar, Mikael Darri nemandi, Eyrún skólastjóri og Helga deildarstjóri sem ritar fundargerð.

1. Bruni aðfaranótt 7. janúar 2021

Eyrún sagði frá aðstæðum í kringum brunann sem varð við kjallara í B-álmum. Sagði frá þeim skemmdum sem urðu og þeim framkvæmdum og hreinsun sem hefur átt sér stað síðan. Búið að meta skemmdir og það mál sem tengist þessu er í höndum lögreglu.

Hægt að kenna í öllum skólanum, allt verður tekið í gegn í kjallara. Nýjar útihurðir.

Spurt um spennivirki sem er undir ganginum. Verið að skoða hvað verður gert við hana.

2. Framkvæmdir

Fyrir utan framkvæmdir vegna bruna þá verður væntanlega farið í það í vor að laga lóðina sunnan skóla í tengslum við lóð leikskólans. Framhald við álmur sem eftir eru er komið á fjárhagsáætlun árið 2023. Rætt um vinnubrögð Akureyrarbæjar vegna fjárhagsáætlunar og að skólinn sé skilinn eftir í bili þ.e. að ekki er haldið strax áfram með endurnýjun skólahúsnæðis.

Skólaráð stefnir á að senda frá sér athugasemd vegna þessara breytinga á fjárhagsáætlun bæjarins. Stefnt á að hafa það tilbúið 15. febrúar.

3. Menntastefna Akureyrarbæjar

Eyrún sagði frá nýrri Menntastefnu Akureyrarbæjar. Sagði frá Gæðaráði skólans sem heldur um innra matið og frá Ásgarði og MSHA sem munu verða okkur til aðstoðar. Gæðaráðið er að vinna núna við að taka út og fara yfir þá þætti sem má lagfæra innan skóla, unnin er umbótaáætlun.

4. Vorönn 2021 – hefðir o.fl.

Á áætlun að vera með Glerárvision daginn fyrir vetrarfrí. Keppnin verður í rafrænu formi og eru bekkir byrjaðir að æfa. Allt tekið upp á sama stað og sett saman og sýnt á sama tíma um allann skólann. Dómarar og skemmtiatriði.

Stefnt er á árs hátíð í apríl. Spurt um fjölda áhorfenda. Það koma 2-300 manns á hverja sýningu en þær eru þrjár. Spurning í hvaða formi hún verður, það kemur í ljós. Rætt um hvernig æskilegt er að hafa árs hátíðina, hugmynd frá foreldri að tvískipta henni (1.-5.b og 6.-10.b) þannig að allir komi fram. Allir bekkir skólans nema 6. bekkur koma fram í einstaka viðburðum yfir veturinn.

Viðtalsdagar í næstu viku. Rafrænar.

Vetrarfrí í febrúar, páska í apríl og svo eru tveir skipulagsdagar í maí. Skólaslit eru 8. júní.

Förum í það að fljótlega að gera skóladagatal fyrir næsta skólaár. Eyrún benti á að hægt er að skoða grunn að skóladagatali inn á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Eyrún útskýrði grunn að tímafjölda og sagði frá þeim skerðingum sem eru úthlutun skólans fyrir næsta ár.

Rætt um hvernig er hægt að fjölda nemendum í skólanum. Jákvætt umtal og fjölbreytni á heimasíðu/facebook síðu. Vonandi fjölga nemendum með nýjum leikskóla á skólalóð.

Hugmynd að valgrein um samfélagsþjónustu - þar sem hægt er að virkja nemendur í alls konar þjónustu verkefnum.

5. Önnur mál

Stytting vinnuvikunnar. Starfsfólk safnar sér upp tímum og tekur frí þrjá nemendalausadaga á vorönn. Unnið er að tillögum um styttingu vinnuviku í samráði við starfsfólk.

Hugmyndir frá nemendum um hvernig þau vilja hafa Skýjaborgir – nemendaaðstöðuna í kjallaranum.

6. Fjárhagsáætlun (nemandi af fundi)

Eyrún fór yfir fjárhagsáætlun Glerárskóla 2021.

Næsti fundur verður 15. febrúar